

17. febrúar 2020
Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meðferð tillaga áheyrnarfulltrúans um hundahald er send Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meðferð tillagna áheyrnarfulltrúans um hundahald - R20010132

BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meðferð tillagna áheyrnarfulltrúans um hundahald - R20010132

Meðal hundaeigenda í borginni er gríðarlega óánægja og vantraust til hundaeftirlits. Verkefnum þeirra hefur snarfækkað vegna samfélagsmiðla eins og tölur hafa sýnt. Engu að síður eru eigendur krafnnir um gjald sem síðan er sagt að eigi að nota til að þjónusta alla. Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda fyrirspurna en einnig tillögur um hunda og hundahald. Tillögurnar voru ýmist felldar eða vísað frá í umhverfis- og heilbrigðisráði en eftir því sem borgarfulltrúi Flokks fólksins skilur þá á starfshópurinn um endurskoðun þjónustu við gæludýraeigendur að taka þær til umræðu/meðferðar. Þessar tillögur eru: Að aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda verði endurskoðað. Að reglur um gæludýr í strætisvögnum verði rýmkaðar. Að heimilt verði að halda hunda- og kattasýningar í íþróttamannvirkjum. Að hundagjald öryrkja og eldri borgarara verði fellt niður. Að innheimta hundagjalds fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um framvindu vinnu stýrihópsins og upplýsingar um meðferð tillagnanna.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Vísað er til erindis Skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. febrúar 2020 mál R20010132 um fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins varðandi meðferð áður framkominna tillagna hans.

Tillögur sem fram koma í áður framkomnum erindum áheyrnafulltrúans eru í farvegi hjá stýrihópi um þjónustu við gæludýr og gæludýraeigendur, aðrar en þær sem hefur verið vísað frá, þar sem þær eiga ekki erindi í þann stýrihóp, eiga ekki við eða önnur stjórnvöld þurfa að taka afstöðu til. Þetta á að vera ljóst skv. fyrri svörum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fullyrðingu um að verkefnum hafi „snarfækkað vegna samfélagsmiðla eins og tölur hafa sýnt“ eins og fram kemur í fyrirspurninni er vísað til föðurrúsanna. Fráleitt er að taka lausagöngu hunda sem eina verkefni hundaeftirlits og er í því samhengi vísað á samþykkt um hundahald nr. 478/2012 sem starfsfólki hundaeftirlits ber að framfylgja.

Varðandi annað sem kemur fram í erindinu þá lítur undirrituð alvarlegum augum á dylgjur og órökstuddar fullyrðingar áheyrnafulltrúans um starf og starfsheiður starfsfólks Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Reykjavík 28. febrúar 2020


Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri